

LISTIR

Konur í fremstu röð í íslenskri myndlist

MYNDLIST

Norræna húsið

MÁLVERK/SKÚLPTÚR

ÝMSAR LISTAKONUR


Opíð 13 til 18. Sýningin stendur til 23. ágúst.

Í SUMARSÝNINGU Norræna hússins er að þessu sinni leitast við að gefa nokkra hugmynd um framlag kvenna til móðernískrar íslenskrar myndlistar, eða fram á sjöunda áratug þessarar aldar. Þetta kann að virðast umfangsmikið verkefni en þá er þess að gæta hve fáir myndlistarmenn störfuðu hér á fyrri hluta aldarinnar og þá enn fremur að enn færri konur var að finna á meðal þeirra. Á sýningunni er að finna verk eftir um tug kvenna og þeirra á meðal er auðvitað að finna þær konur sem skipuðu sér í sveit okkar fremstu listamanna, frá Kristínu Jónsdóttur fram til Lovísu Matthíasdóttur.

Engin kona var meðal okkar fyrstu myndlistarmanna, það er meðal þeirra sem hófu feril sinn fyrir eða um síðustu aldamót, enda var þar ekki um stóran hóp að ræða. Hins vegar verður ekki sagt að þar hafi konur ekki átt hlut að máli. Þóra Pétursdóttir Thoroddsen rak til dæmis fyrsta teikniskóla í Reykjavík og þar lærði Þórarinn B. Þorláksson áður en hann hélt til náms til Kaupmannahafnar árið 1895. Á sýningunni í Norræna húsinu er að finna myndir eftir Þóru sjálfa en eins og sýningarstjóri getur í umsögn um þær, munu hæfileikar Þóru umfram allt hafa legið í kennslunni.

Í kjölfar frumkvöðlanna, Þórarins, Ásgríms Jónssonar og Einars Jónssonar, hljóp meira líf í myndlistina og á fyrsta áratug aldarinnar halda allmargir Íslendingar utan til náms. Þeirra á meðal eru tvær konur sem áttu eftir að verða meðal fremstu listamanna sinnar kynslóðar, þær Júlíana Sveinsdóttir og Kristín Jónsdóttir, sem voru við nám í Kaupmannahöfn á árunum 1912 til 1915, ásamt Guðmundi Thorsteinssyni. Af þeim tekur síðan við í listaakademíu Nína Sæmundsdóttir sem hefur þar nám árið 1915. Síðan eru konur framarlega meðal myndlistarmanna af hverri kynslóð og nægir að telja upp nokkrar þeirra sem sýndar eru í Norræna húsinu, þær Ásgerði Búadóttir, Gerði Helgadóttir, Nínu Tryggvadóttir, Barböru Árnason og Louísu Matthíasdóttur. Verk þessara merku listakvenna er að finna í öllum helstu söfnum íslenskrar myndlistar þeirra verið haldið á lofti með sýningarhaldi og útgáfu. Eftir einni þeirra, Gerði Helgadóttur, hefur meira að segja verið nefnt heilt safn, Gerðarsafn eða Listasafn Kópavogs, og þar er líka að finna stórt sérsafn af verkum Barböru Árnason.

Á sýningunni í Norræna húsinu er líka að finna myndvafnað eftir Vigdís Kristjánsdóttur sem ætla má að mun færri þekki en þær almannu listakonur sem áður voru nefndar. Vigdís kenndi það sem nú mun kallað handmennt eða myndmennt og gat sér sérstaklega gott orð fyrir myndvafnað sinn; óf hún bæði sín eigin verk og verk eftir aðra, til dæmis stóra mynd eftir Jóhann Briem sem hengd var upp



Morgunblaðið/Arnaldur

MYND Kristínar Jónsdóttur af þvottalaugunum í Laugardal er líklega eitt af hennar þekktustu verkum og skýrt dæmi um stílsnild hennar.

í sal bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

Fleiri konur stunduðu að sjálf-sögu myndlist eins og Vigdís þótt þær yrðu ekki meðal þekktustu listamanna þjóðarinnar eins og hinar konurnar á sýningunni og óneitanlega hefði verið skemmtilegt að sjá meira af verkum þeirra – jafnvel þótt fækka yrði myndum eftir þær þekktustu og færustu, enda hefur ekki skort á að list þeirra væru gerð skil á hefðbundnum safnasýningum undanfarið ár. Enn er líklega mikil saga óskráð þar sem er myndlistariðkun þeirra kvenna sem ekki gátu endilega helgað sig listinni að fullu eða náðu frama. Skráning þeirrar sögu og sýning úr slíku efni væri með því

markverðasta sem nú mætti vinna til að auka skilning okkar og þekkingu á myndlistariðkun hér síðustu öldina.

Sýningin í Norræna húsinu dregur skýrt fram það sem öllum má vera ljóst, að á þessari öld hafa konur átt ríkan þátt í mótun íslenskrar myndlistar og verið meðal mikilvægustu listamanna okkar. Sumar hafa verið frumkvöðlar um nýjungar í stíl og viðhorfi. Hins vegar verður sýning af þessu tagi óhjákvæmilega nokkuð sundurleitt, því ekki er um neina samfellda hefð að ræða í myndlist þessara kvenna, umfram það sem var í myndlistinni yfirleitt. Hver þessara kvenna tók á þeim viðfangsefnum sem hæst bar á hverjum

tíma og leitaði innblásturs meðal annarra listamanna af sinni kynslóð, hvort heldur það voru konur eða karlar. Hugsanlega hefði verið unnt að draga fram skarpari tengingar ef tök hefðu verið á að gefa út skrá með sýningunni og eins hefði ef til vill mátt fylla betur út í söguna með því að taka á sýninguna verk þeirra listakvenna sem minna eru þekktar. Hvað um það má hér telja athyglisvert að sýningin í Norræna húsinu gefur heillegt yfirlit yfir íslenska listasögu frá öðrum áratug aldarinnar og fram á þann sjöunda án þess að þar sé að finna verk eftir karlmann. Þetta eitt ætti að sýna hve stór þáttur kvennanna hefur verið.

Jón Proppé

BÆKUR

Jarðfræði

FULLKOMIÐ RIT UM SÍÐUELD

eftir Jón Steingrímsson. Þýðandi á ensku Keneva Kunz. Norræna eldfjallastöðin og Háskólaútgáfan 1998.

FYRR á öldum skrifuðu margir menn, bæði innlendir og erlendir, um eldvirkni á Íslandi, enda hefur hún ávallt vakið forvitni fólks. Margt af því, sem þá var skrifað, þykir nú heldur ómerkilegt og er blandað ýmiss konar hjátrú og hindurvitnum, ekki sízt það sem erlendir menn létu frá sér fara. Þýðingarmest hafa reynzt rit, sem Íslendingar sömdu sjálfir um eldgos, einkum eftir Svein Pálsson, Jón Steingrímsson og Jónas Hallgrímsson. Rit þessi hafi aðallega sögulegt gildi, en þó leynist í þeim margvíslegur fróðleikur um íslensk eldfjöll og eldgos, sem varð ekki að viðurkenndum vísindum fyrr en löngu síðar, meðal annars vegna þess, að ritin bárust ekki út fyrir

Forn fróðleikur á enskri tungu

landsteinana. Þau eru því merkar heimildir í sögu eldfjallavísinda og eiga erindi til hinna fjölmörgu, sem fást við þessi fræði víða um heim, en ekki síður til hinna, sem hafa áhuga á lífi og starfi fólks á fyrri tíð, þegar miklar hörmungar gengu yfir landið.

Norræna eldfjallastöðin og Háskólaútgáfan hafa nú gefið út ritgerð Jóns Steingrímssonar um Skaftárelda, Fullkomið rit um Skaftárelda, á ensku. Bókin nefnist Fires of the Earth, The Laki Eruption 1783-1784. Það er ekki seinna vænna að kynna útlendingum þessa einstöku lýsingu á mesta hraunflóði, sem komið hefur upp í einu gosi á jörðinni á síðustu öldum en fimmtungur þjóðarinnar dó þá í


harðindum, sem gosinu fylgdu. Fara má og nærri um, að það hefur ekki verið auðunnið að þýða textann á ensku, því að hvort tveggja er, að stíll Jóns er all sérstakur og hann er jafnframt að lýsa undrum náttúrunnar með sínum eigin orðum; þar fer hann ekki troðnar slóðir, enda er þarna sagt frá ýmsum náttúrufyrirbærum í fyrsta sinn. Keneva Kunz hefur leyst það verk vel af hendi.

Bókinni er fylgt úr hlaði með inngangi eftir Guðmund E. Sigvaldason, þar sem gerð er stuttlega grein fyrir höfundum og merkjum athugunar hans. Þórgunnur Skúladóttir ritstýrði verkinu og Magnús Valur Pálsson sá um hönnun bókarrinnar. Þá prýða bókina nokkrar

titilmýndir eftir Brian Pilkington og ljósmyndir af handriti Jóns. Innan á kápu beggja megin er sama kort af Skaftáreldahrauni með helztu örnefnum, sem koma við sögu, ásamt fáeinum staðreyndum um eldgosin í Lakagígum á Síðuafrétti. Fróðlegra hefði verið að hafa annars konar kort innan á aftari kápu, til dæmis yfirlit yfir eldvirkni á sögulegum tíma á landinu öllu.

Í inngangi bókarrinnar kemur fram, að Sigurður Þórarinnsson, jarðfræðingur, hafði áhuga á að láta þýða og gefa út rit Jóns Steingrímssonar, enda hefur honum verið manna ljósast hvaða fróðleik það hefur að geyma. Víst er, að finna má í gömlum handritum ýmsan lærdóm, sem hefur fróðilegt gildi og er fyllilega þess virði að koma fyrir augu útlendinga. Sé vel að slíkum verkum staðið, eins og hér er augljóst dæmi um, getur ekki orðið annað en menningarauki að þeim.

Ágúst H. Bjarnason



VERK eftir Hannes Scheving.

Hannes sýnir í Eden

NÚ stendur yfir sýning Hannesar Scheving í Eden í Hveragerði. Á sýningunni eru 33 myndir, flestar unnar á síðustu tveim árum og er þetta fjórða einkasýning Hannesar.

Sýningin stendur til 23. ágúst.



Grípið tækifærið!

Seljum í nokkra daga lítið útlitsgölluð húsgögn með allt að 50% afslætti.

Opíð:
12:00-18:00 virka daga
9:00-16:00 lau. 15. ágúst

Casa

Mörkinni 3
Sími 588 0640
Fax 588 0641
casa@islandia.is

